

# Leiðbeiningar fyrir leigubílstjóra vegna COVID-19

Leiðbeiningar fyrir leigubílstjóra vegna aksturs með farþega, farþega í sóttkví eða með mögulegt COVID-19 smit (en einkennalaus). Tilgangur leiðbeininga er að verja leigubílstjóra og farþega fyrir hugsanlegu smiti.

## Dregið úr hættu á COVID-19 kórónuveiru smiti



- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt. Forðast snertingu við augu, nef og munn.



- Hósta og hnerra í krepptan olnboga eða í pappír þegar um kvefeinkenni er að ræða.



- Forðist náðið samneyti við einstaklinga með hósta og almenn kvefeinkenni.



- Sýna aðgát í umgengni við algenga snertifleti á fjölförnum stöðum, s.s. handrið, lyftuhnappa, snertiskjái, greiðsluposa og hurðahúna.



- Heilsa frekar með brosi en handabandi eða faðmlagi.

## Bílstjórinn

- Skal gera ráð fyrir að hann sé útsettur fyrir mögulegu COVID-19 smiti í akstri með farþega og skal gera allt sem hann getur til að verja sig og farþega sína fyrir mögulegu smiti. Ef ekki er hægt að tryggja fjarlægð skal bílstjóri nota hlífðargrímu.
- Skal kynna sér reglur um smitgát og hvetja farþega til að gæta að eigin nándarmörkum
- Skal halda framsæti (farþegasæti) auðu eins og kostur er.
- Má ekki flytja veika farþega, þ.e. farþega með einkenni COVID-19 sem eru helst þessi: Hiti, kvafeinkenni, hósti, hálsærindi.
- Biður fólk að skilja farangur eftir við farangursrými → gengur frá farangri → sótthreinsar hendur áður en ferð er hafin eða notar hanska ef farþegi er í sóttkví. Ef farþegi er nægilega heilsuhraustur er best að hann gangi sjálfur frá farangri sínum í farangursrými og spritti hendur á eftir.
- Á áfangastað, þá spritti bílstjóri hendur áður en hann opnar og lokar farangursrými eða noti hanska ef farþegi er í sóttkví. Ef farþegi er nægilega heilsuhraustur er best að hann taki sjálfur úr farangursrými og spritti hendur áður og á eftir.
- Þrífur og sótthreinsar bílinn eftir ferð skv. leiðbeiningum sóttvarnalæknis. Notar hanska eða þvær hendur vel á eftir. COVID-19 veiran drepst í snertingu við sápu/sótthreinsandi efni (t.d. Virkon 1%). Best er ef skipt er um tusku eftir hver þrif/eða nota einnota klúta. Tuskur má þvo á hefðbundinn hátt í þvottavél (60°C). Mælt er með að þvo sæti með sápu/sótthreinsandi efni eftir flutning eins og við á en a.m.k. daglega og ávallt eftir flutning farþega í sóttkví.
- Ef bílstjóri er í áhættuhópi ætti hann að sýna sérstaka varúð til að tryggja öryggi sitt og fylgja leiðbeiningum til að koma í veg fyrir smit milli sín og farþega. Bílstjóri ætti að nota hlífðargrímu og ætti ekki að flytja farþega í sóttkví nema að hann geti tryggt aðskilnað milli sín og farþega t.d. með skilrúmi og/eða fjarlægð.
- **Má flytja einstaklinga sem eru á leið í sóttkví (t.d. frá flugvelli/höfn) en þá þarf bílstjóri að gæta sérstakra varúðarráðstafana:**
  - a. Bílstjóri og farþegar skulu nota hlífðargrímu sem hylur nef og munn þar sem **2 metra** fjarlægð á milli einstaklinga verður ekki við komið. Hlífðargrímur sem notaðar eru utan heilbrigðisþjónustu skulu uppfylla kröfur sem fram koma í vinnustofusamþykkt evrópsku staðlasamtakanna (CEN).
  - b. Sem aðilum í atvinnurekstri ber leigubílsstjórum skylda til að tryggja a.m.k. **2 metra** fjarlægðarmörk á milli einstaklinga. Undantekið er fólk úr sömu fjölskyldu, fólk sem býr á sama heimili, vinahópur/vinnufélagar sem hafa verið og eru í nánnum tengslum.
  - c. Nálægðartakmörkin ná þó ekki til barna sem fædd eru 2011 og síðar.
  - d. Fækka farþegum um helming, það er fjögurra manna bifreið getur flutt tvo í aftursæti með laust sæti á milli. Stór bíll sem hefur leyfi fyrir átta farþega, flytur að hámarki fjóra farþega sem eru á leið í sóttkví. Undantekið er fólk úr sömu fjölskyldu, fólk sem býr á sama heimili, vinahópur/vinnufélagar sem hafa verið og eru í nánnum tengslum.
  - e. Bílstjóri sem flytur farþega á leið í sóttkví ætti að hafa einnota hanska/hlífðargrímur til afnota fyrir sig og farþega.

## Bifreiðin

- Leiðbeiningar um smitgát skulu vera festar aftan á sætin svo þau séu sýnileg farþegum.
- Handspritt, þurrkur og ruslapokar séu ávallt aðgengilegir fyrir bílstjóra og farþega.
- Snertilaus greiðsluleið/posi sé til staðar.

Bent er á leiðbeiningar á vef embættis landlæknis til starfsfólks í atvinnulífinu varðandi smitgát og þrif.